

## STARFSREGLUR STJÓRNAR ÍV SJÓÐA HF.

### 1. Almenn

- 1.1 Reglur þessar eru settar af stjórn ÍV sjóða hf. („félagið“) á grundvelli 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Reglurnar taka mið af 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, eftir því sem við á.
- 1.2 Reglur þessar ákvarða verkaskiptingu stjórnar, önnur störf hennar og samskipti. Er þeim ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála, vandaða og óháða málsmeðferð, auka trúverðugleika og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins.
- 1.3 Að öðru leyti en í reglum þessum greinir fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti og áhættustýringu, eftir því sem við á, auk samþykktu félagsins og öðrum reglum og stefnum sem settar hafa verið innan félagsins.
- 1.4 Þau sem í stjórn félagsins sitja skuldbinda sig til að hlíta reglum þessum.

### 2. Skipan stjórnar

- 2.1 Stjórn skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara kjörnum á aðalfundi félagsins. Stjórn skal á fyrsta fundi eftir kjör sitt skipta með sér verkum og setja starfsáætlun fyrir næstkomandi starfsár.
- 2.2 Stjórn er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn.
- 2.3 Félagið leitast við að tryggja jafnrætti á öllum sviðum starfseminnar og hvatt er til fjölbreytileika. Á það jafnt við um samsetningu stjórnar sem og önnur svið félagsins.
- 2.4 Aldursforseti stjórnar stýrir fundi stjórnar þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður og varaformaður. Jafnframt skal á fyrsta fundi ákveðið hver skuli rita fundargerðir stjórnar.
- 2.5 Einfaldur meirihluti ræður kosningu í stöðu formanns og varaformanns.
- 2.6 Kjósi stjórnarmaður að hætta störfum í stjórn skal hann tilkynna stjórn félagsins skriflega um afsögn sína.

### 3. Valdsvið stjórnar

- 3.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess og stefnumótun. Skal stjórn hafa hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa, annarra viðskiptavina, félagsins og háþörfun á langtímaarðsemi að leiðarljósi í störfum sínum.
- 3.2 Stjórn skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi. Þá skal stjórn annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins og að lögboðinni upplýsingaskyldu sé fylgt, m.a. varðandi skattamál og tilkynningar og skýrsluskil til eftirlitsaðila. Stjórn setur félaginu fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

- 3.3 Skal stjórn fylgjast með því að fjárhagsáætlun sé fylgt, taka afstöðu til skýrslna um greiðslugetu félagsins, meiri háttar ráðstafana, þeirra trygginga sem skipta máli, fjármögnunar, peningastreymis og sérstakra áhættuþátta. Skal stjórn jafnframt sjá til þess að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits til að sinna þessu hlutverki í samræmi við lög og reglur.
- 3.4 Stjórn hugar sérstaklega að áhættum í starfi félagsins í störfum sínum. Stjórn samþykkir áhættustýringarstefnu félagsins sem m.a. afmarkar þær áhættur sem fylgja starfseminni, skilgreinir hvað teljist ásættanleg mörk fyrir þær áhættur og fjallar um framkvæmd áhættustýringar.
- 3.5 Stjórn skal verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi fyrirtækisins og fylgjast með að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu. Í þeim efnum skal stjórn m.a. sjá til þess að framkvæmdastjóri grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að greina, mæla og stýra áhættum og virkni innra eftirlitskerfisins.
- 3.6 Stjórn fjallar um og samþykkir þær reglur sem stjórn ber að setja samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Aðrar reglur og stefnur, sem ekki teljast stefnumarkandi eða óvenjulegar, setur framkvæmdastjóri félaginu.
- 3.7 Stjórn ræður innri endurskoðanda og veitir honum lausn og leitast eftir því að tryggja honum sjálfstæði í starfi.
- 3.8 Stjórn tekur allar þær ákvarðanir sem telja verður óvenjulegar eða mikilsháttar. Við mat á framangreindu skal líta til stærðar og skipulags félagsins, eðlis starfseminnar og tilgangs ráðstöfunar. Ákvarðanir og verkefni stjórnar sem lög kveða á um eru ávallt á valdi stjórnar, þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um það í reglum þessum.
- 3.9 Stjórn fjallar um og tekur ákvörðun um einstakar fjárfestingar félagsins, sölu eigna og aðra ráðstöfun þeirra á stjórnarfundum. Allar ákvarðanir stjórnar samkvæmt framangreindu skulu vera í samræmi við gildandi fjárfestingastefnu félagsins á hverjum tíma, sem hluthafafundur hefur samþykkt.
- 3.10 Stjórn leitast við að tryggja eftir bestu getu að tilkynningar og upplýsingar sem félaginu ber að veita samkvæmt lögum og reglum séu réttar.
- 3.11 Stjórn boðar til aðalfundar, og eftir atvikum til annarra hluthafafunda, í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar.
- 3.12 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og er heimilt að veita prókúruumboð.
- 3.13 Stjórn skal með reglubundnum hætti meta störf sín, verklag, starfshætti og framgang félagsins, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

#### **4. Hæfi stjórnarmanna**

- 4.1 Stjórnarmenn skulu starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra.
- 4.2 Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga og reglna og kynna sér þau lög og reglur sem

um starfsemina gilda.<sup>1</sup> Skulu þeir hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð sem stjórnarmenn.

- 4.3 Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir og ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum, hafa gott orðspor og ekki hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti o.fl., lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þá skulu stjórnarmenn búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum í stjórn félagsins.
- 4.4 Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu gæta þess vandlega að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa og viðskiptavina séu virtir. Þeir skulu kappkosta að fyllsta trúverðugleika félagsins sé gætt og að tryggt sé að meðferð sérhvers máls fyrir stjórn sé lögum samkvæm.
- 4.5 Stjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð félagsins.
- 4.6 Stjórnarmenn skulu þannig ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti sjóða í rekstri félagsins, ákvörðunum er varða stýringu á verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta eða öðrum sérhæfðum sjóðum, svo sem kaupum, sölu eða veðsetningu eigna.
- 4.7 Aðkoma stjórnar að viðskiptum félagsins kann að vera nauðsynleg ef um er að ræða að umfang sé verulegt miðað við stærð félagsins, viðskipti séu sérstaklega óvanaleg eða skuldbindi félagið til langs tíma. Við mat á framangreindu skal litið til þeirra reglna sem stjórn hefur sett um lausafjárstýringu félagsins.
- 4.8 Einstaklingar sem sæti eiga í stjórn skulu ekki taka þátt í meðferð máls sem þeir sjálfir eða fyrirtæki sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti, hafa persónulegra hagsmuna að gæta í, eða samkeppnisaðilar þeirra. Sama gildir um þátttöku þeirra í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim nátengdir, persónulega eða fjárhagslega.
- 4.9 Séu þeir aðilar sem greinir í gr. 4.8 í viðskiptum við félagið skulu um slík viðskipti gilda allar almennar starfsreglur félagsins. Skulu þeir njóta sömu markaðskjara og aðrir viðskiptavinir njóta. Fjalla skal um slík viðskipti við starfsmenn félagsins af öðrum en stjórnarmönnum sjálfum, nema um sé að ræða persónuleg viðskipti innan venjulegra marka einstaklingsviðskipta.
- 4.10 Stjórnarmaður skal víkja af fundi, sé hann vanhæfur til að fjalla um mál. Skal jafnframt um það bókað í fundargerð.
- 4.11 Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að einhver stjórnarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls, getur þess verið krafist að stjórnarmaðurinn víki sæti áður en efni máls eru kynnt og gögn afhent. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna. Viðkomandi stjórnarmaður skal ávallt upplýsa um mögulegt vanhæfi sitt.

---

<sup>1</sup> Félaginu ber að hlíta ítarlegum hæfisskilyrðum sem gilda um stjórnir í fjármálafyrirtækjum, sbr. 11. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 14. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá ber félaginu að hlíta þeim skilyrðum sem gilda um stjórnarmenn samkvæmt ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2021 og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

- 4.12 Stjórn ákveður hvernig aðgangi að gögnum, upplýsingum og fundargerðum skuli háttað í þeim tilvikum þegar stjórnarmaður viku sæti vegna vanhæfis eða viku af fundi meðan tiltekinn dagsskrárliður er afgreiddur.
- 4.13 Ef stjórnarmann brestur almennt hæfi til að sinna stjórnasetu skal hann skilyrðislaust víkja sæti. Skal þá varamaður taka sæti í hans stað. Varamaður heldur sæti sínu til næsta aðalfundar er kosið verður í stjórn.

## 5. Sjálfstæði stjórnarmanna

- 5.1 Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður félaginu, stjórnendum og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði stjórnarmanna.<sup>2</sup> Við mat á því hvort stjórnarmaður teljist óháður er jafnframt litið til þeirra krafna sem gerðar eru til félagsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og rekstraraðila sérhæfðra sjóða hvað óhæði varðar.
- 5.2 Stjórnarmaður telst ekki óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess ef eitthvert eftirtalinna atriða á við um hann:
- Ef hann er eða hefur verið starfsmaður félagsins eða nátengds félags undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins;
  - Ef hann á stóran hlut í félaginu eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu;
  - Ef hann þiggur eða hefur þegið verulegar greiðslur frá félaginu, nátengdu félagi eða daglegum stjórnendum þess, fyrir utan stjórnarlaun, t.d. sem ráðgjafi eða verktafi, undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins;
  - Ef hann er eða hefur verið síðastliðið ár, í umtalsverðum viðskiptum við félagið eða nátengd félög, t.a.m. sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili, eða hefur mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur persónulega eða í gegnum annað félag;
  - Ef hann er einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í félaginu;
  - Ef hann er, eða hefur verið undanfarin þrjú ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins, meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins eða nátengds félags, eða starfsmaður sem tekið hefur þátt í ytri endurskoðun félagsins;
  - Ef hann er tengdur nánnum fjölskylduböndum daglegum stjórnendum félagsins og/eða aðila sem nefndur er í töluliðunum hér að framan ef sá aðili er í beinum eða óbeinum viðskiptum við félagið og þau eru slík að umfangi að ekki er réttlætanlegt að telja stjórnarmanninn óháðan.
- 5.3 Stjórnarmaður telst ekki óháður stórum hluthöfum félagsins ef eitthvert eftirtalinna atriða á við um hann:
- Ef hann hefur bein eða óbein yfirráð yfir félaginu eða er stjórnarmaður hjá aðila sem

---

<sup>2</sup> Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. sem eiga 99,75% hlutafjár. Móðurfélagið telst því stór hluthafi í þessum skilningi og skal meirihluti stjórnarmanna vera óháður því.

hefur yfirráð yfir félaginu;

- b. Ef hann á stóran hlut í félaginu eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu;
- c. Ef einhver af ákvæðum gr. 5.2 eiga við um samband stjórnarmanns við stóran hluthafa (hluthafi er í þeim tilvikum félag).

5.4 Stjórn metur hvort stjórnarmaður teljist óháður í þessu tilliti. Gera skal grein fyrir afstöðu stjórnar í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins.

## 6. Upplýsingagjöf stjórnarmanna

6.1 Stjórnarmenn skulu við upphaf starfa sinna leggja fram allar þær upplýsingar sem stjórn metur nauðsynlegar til að leggja mat á hæfi stjórnarmanna í samræmi við kafla 4.

6.2 Stjórnarmenn skulu tilkynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, ef einhverjar þær breytingar verða á högum þeirra sem áhrif geta haft á mat stjórnar á hæfi þeirra.

6.3 Einstakir stjórnarmenn skulu upplýsa stjórn um aðila honum venslaða, þ.e. maka, þ.m.t. sambúðarmaka; börn, þ.m.t. ættleidd börn og stjúpbörn; foreldra; aðra nána fjölskyldumeðlimi.

6.4 Þá skulu einstakir stjórnarmenn einnig upplýsa um aðila sem tengjast stjórnarmanni, maka, börnum eða foreldrum hans fjárhagslega eða geta með öðrum hætti valdið vanhæfi stjórnarmanns til meðferðar einstaks máls. Með fjárhagslega tengdum aðilum er átt við eftirtalda aðila:

- a. Lögaðila sem viðkomandi á að minnsta kosti 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðaréttar í;
- b. Lögaðila sem viðkomandi starfar hjá;
- c. Lögaðila sem viðkomandi gegnir stjórnunarstöðu hjá eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.

6.5 Í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins skulu birtar eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn:

- a. Nafn;
- b. Aldur;
- c. Menntun;
- d. Aðalstarf;
- e. Starfsferilságrip;
- f. Hvenær viðkomandi var fyrst kjörinn í stjórn félagsins;
- g. Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum;
- h. Beinir og óbeinir eignarhlutir í félaginu;
- i. Hvort viðkomandi hafi gert kaup- eða söluréttarsamninga við félagið;
- j. Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og stóra hluthafa.

6.6 Gæta skal fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem stjórnarmönnum er skylt að veita og ekki ber að birta.

6.7 Ákvæði þessa kafla 6 gilda jafnframt um framkvæmdastjóra félagsins.

## **7. Viðskipti stjórnarmanna o.fl.**

- 7.1 Stjórnarmenn skulu haga viðskiptum sínum með þeim hætti að þau veki ekki tortryggni eða séu til þess fallin að skaða trúverðugleika félagsins.
- 7.2 Stjórnarmenn og aðilar þeim tengdum skulu ekki njóta fyrirgreiðslu hjá félaginu. Með fyrirgreiðslu er átt við lánveitingar og/eða ábyrgðir, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart félaginu.
- 7.3 Óhefðbundin, umfangsmikil eða óvenjuleg viðskipti stjórnarmanna eða tengdra aðila skal leggja fyrir stjórn félagsins, eða stjórnarformann, til samþykktar eða synjunar.
- 7.4 Afgreiðsla viðskiptaerinda stjórnar og tengdra aðila skal vera í samræmi við reglur félagsins og skulu þau ekki njóta forgangs á nokkurn hátt.
- 7.5 Heimilt er að afgreiða einstök viðskiptaerindi stjórnarmanna án sérstakrar heimildar stjórnar eða stjórnarformanns, að því gefnu að viðskiptin uppfylli eftirfarandi:
  - a. Að um sé að ræða viðskipti þar sem viðkomandi aðili hefur gengist undir sérstaka almenna skilmála vegna tiltekinnar tegundar af viðskiptum;
  - b. Að kjör viðskiptanna taki mið af því sem almennt gerist á viðkomandi sviði og ekki sé um sérafslætti eða sérkjör að ræða;
  - c. Að viðskiptin séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti í tilviki ótengdra aðila;
  - d. Að fjárhæð viðskipta með hlutdeildarskírteini í sjóðum félagsins sé lægri en kr. 100.000.000 ef viðskiptin tengjast atvinnustarfsemi/fjárfestingastarfsemi, en lægri en kr. 10.000.000 ef viðskiptin eru af persónulegum toga ef um er að ræða kaup, sölu eða útgáfu nýrra fjármálagerna;
- 7.6 Framkvæmdastjóri, lögfræðingur og regluvörður hafa heimild til að vísa til stjórnar einstaka málum, sem þó uppfylla ofangreind skilyrði, meti þeir það nauðsynlegt.
- 7.7 Ákvæði þessa kafla 7 gilda jafnframt um framkvæmdastjóra félagsins.

## **8. Stjórnarformaður**

- 8.1 Stjórnarformaður félagsins ber meginábyrgð á verklagi stjórnar og að stjórn séu búnar bestu mögulegu starfsaðstæður. Formanni ber að halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og stuðla að virkni stjórnar í allri ákvarðanatöku.
- 8.2 Stjórnarformaður skal tryggja að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
- 8.3 Stjórnarformaður skal leitast við að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun og þær lögbundnu skyldur og ábyrgð sem á þeim hvíla.
- 8.4 Stjórnarformaður skal tryggja að stjórn uppfæri þekkingu sína á félaginu og rekstri þess með reglubundnum hætti, ásamt því að tryggja að stjórn fái nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn svo hún geti sinnt starfi sínu.

- 8.5 Stjórnarformaður ber ábyrgð á samskiptum stjórnar og hluthafa félagsins og að upplýsa stjórnina um sjónarmið hluthafa. Stjórnarformaður ætti jafnframt að hvetja til virkra skoðanaskipta innan stjórnar sem og milli stjórnar og daglegra stjórnenda félagsins.
- 8.6 Stjórnarformaður semur dagskrá stjórnarfunda, í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins, og sér um boðun þeirra og stjórnun. Stjórnarformaður skal tryggja að stjórnarfundir gefi nægilegan tíma til umræðna og ákvörðunartöku, sérstaklega hvað stærri og flóknari mál varðar. Stjórn getur ákveðið nánar hvernig fyrirkomulagi á framangreindu og verkaskiptingu skuli háttað.
- 8.7 Stjórnarformaður skal taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar. Hann ber ábyrgð á kynningu reglnanna fyrir viðeigandi aðilum, sbr. gr. 21.2.
- 8.8 Stjórnarformaður fylgist með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins og staðfestir innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
- 8.9 Stjórnarformaður hefur milligöngu um að stjórn meti árlega störf sín.
- 8.10 Stjórnarformaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur stjórnarformaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls. Stjórnarmenn, aðrir en stjórnarformaður, skulu almennt ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki stjórnarformanns.

## **9. Framkvæmdastjóri**

- 9.1 Stjórn ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og skilgreinir starfssvið þeirra og veitir prókúru. Stjórn ákveður jafnframt starfskjör framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra er skylt að hlíta fyrirmælum stjórnar.
- 9.2 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, fylgir eftir áhættustýringarstefnu stjórnar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum félagsins eða ákvörðunum stjórnar.
- 9.3 Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 9.4 Framkvæmdastjóri skal gera stjórn grein fyrir öllum stærri málum er varða rekstur félagsins.
- 9.5 Framkvæmdastjóri ber allar fjárfestingarákvarðanir félagsins, sem og allar ákvarðanir sem fela í sér meiriháttar útgjöld undir stjórn félagsins.
- 9.6 Framkvæmdastjóri sér til þess að rekstur félagsins sé að öllu leyti í samræmi við lög, reglugerðir, samþykktir, og ákvarðanir stjórnar félagsins og hluthafafunda, þ.m.t. samþykktar reglur og stefnur stjórnar félagsins.
- 9.7 Framkvæmdastjóri sér til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur. Honum ber jafnframt að veita endurskoðanda félagsins allar þær upplýsingar sem hann óskar.

- 9.8 Framkvæmdastjóri sér til þess að meðferð eigna félagsins og rekstur sé með tryggilegum hætti, í samræmi við stefnu félagsins, lög, reglur og góða viðskiptahætti. Framkvæmdastjóri skal enn fremur innleiða og starfrækja skilvirkt innra eftirlitskerfi í samræmi við ákvarðanir stjórnar.
- 9.9 Framkvæmdastjóra er almennt ekki heimilt að gegna öðrum launuðum störfum. Stjórn er þó heimilt að veita slíka heimild ef þörf þykir, og slíkt starf stangast ekki á við hagsmuni félagsins. Stjórn er jafnframt heimilt að veita framkvæmdastjóra heimild til að sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja og taka þátt í atvinnurekstri ef slík atvinnuþátttaka stangast ekki á við hagsmuni félagsins.

## 10. Upplýsingagjöf til stjórnar

- 10.1 Framkvæmdastjóri skal kynna stjórn skýrslu um rekstur félagsins, að jafnaði á mánaðarlegum fundum stjórnar. Kannað hálfársuppgjör skal lagt fyrir stjórn eigi síðar en fyrir lok ágústmánaðar.
- 10.2 Endurskoðað uppgjör félagsins skal samþykkt af stjórn fyrir lok mars ár hvert. Kannað hálfársuppgjör skal samþykkt af stjórn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Fulltrúar ytri endurskoðanda félagsins skulu viðstaddir kynningu á hálfárs- og ársuppgjöri félagsins.
- 10.3 Stjórn skal fá reglulegar skriflegar skýrslur varðandi málefni sem heyra undir regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun.<sup>3</sup>
- 10.4 Fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár félagsins skal lögð fyrir stjórn á síðasta ársfjórðungi hvers árs og í samræmi við starfsáætlun stjórnar.
- 10.5 Stjórnarmenn skulu eiga rétt á öllum upplýsingum er varða rekstur félagsins sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum er snerta hag einstakra viðskiptavina félagsins. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini skulu bornar upp á stjórnarfundi.<sup>4</sup>
- 10.6 Einstökum stjórnarmönnum skal ekki heimilt að hafa samband við aðra starfsmenn félagsins en framkvæmdastjóra eða regluvörð í því skyni að afla sér upplýsinga. Svör við slíkum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum.
- 10.7 Upplýsingar skal leggja fram fyrir stjórn með skriflegum hætti, nema stjórn samþykki annað. Upplýsingar sem stjórn óskar eftir aðgangi að skal leggja fyrir eða kynna stjórn svo fljótt sem auðið er frá því að beiðni kemur fram.

## 11. Trúnaðar- og þagnarskylda

- 11.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og félaga sem fjárfest er í, hagi starfsmanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins.

---

<sup>3</sup> Regluvörslu félagsins er útvistað til Íslenskra verðbréfa hf. samkvæmt sérstökum samningi þar um.

<sup>4</sup> Stjórnarmenn hafa að jafnaði ekki aðgang að upplýsingum um fjárfestingar eða eignasamsetningu sjóða í rekstri félagsins, og er aðkoma þeirra að fjárfestingarákvörðunum þeirra sjóða engin, sbr. gr. 4.6.



11.2 Stjórnarmenn skulu ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn eða skylt sé að birta niðurstöður fundar.

11.3 Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

## **12. Boðun funda**

12.1 Boðun á stjórnarfundum skal fara fram í samræmi við gr. 8.6. Fundi skal halda eins oft og þurfa þykir, þó þannig að reglulegir fundir séu mánaðarlega að jafnaði. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða endurskoðanda um boðun fundar og skal þá halda fund svo fljótt sem auðið er.

12.2 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir á skrifstofu félagsins, en halda má þá annars staðar eftir aðstæðum. Heimilt er að halda stjórnarfundum félagsins með rafrænum hætti þannig að fundarmenn geti tekið þátt í stjórnarfundum með fjarfundarbúnaði.

12.3 Stefnt skal að því að fundargögn séu gerð stjórnarmönnum aðgengileg tveimur sólarhringum fyrir stjórnarfund.

12.4 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Aðrir stjórnendur félagsins og tengdra félaga, skulu að ósk stjórnar eða framkvæmdastjóra mæta á stjórnarfundum þegar þörf þykir. Ritari situr alla fundi stjórnar nema stjórn ákveði annað.

12.5 Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi stjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundum ef einstakir stjórnarmenn óska þess.

12.6 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boðað með sjö daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Óþarft er að boða sérstaklega til funda sem haldnir eru samkvæmt starfsáætlun stjórnar en drög að dagskrá næsta stjórnarfundar skulu að jafnaði liggja fyrir sjö dögum fyrir reglulegan fund.

12.7 Til fundar skal boðað með tölvupósti. Endanleg dagskrá fundar skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Stjórnarformanni er skylt að sjá til þess að stjórnarmönnum gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með hæfilegum fyrirvara.

12.8 Forfallist aðalmaður þannig að hann geti ekki tekið þátt í störfum stjórnarinnar tekur varamaður sæti hans.

## **13. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og lögmati fundar**

13.1 Stjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, eða varamenn þeirra, enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 12. kafla. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

13.2 Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum, en varaformaður í forföllum hans.

13.3 Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn, og hafi haft tíma til að kynna sér efni málsins. Skal bókað í fundargerð ef stjórnarmenn hafa ekki haft tæk á að kynna sér gögn fyrir umræðu um einstök mál.

- 13.4 Mál skulu að meginreglu vera lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál kynnt á stjórnarfundum getur slík kynning farið fram munnlega
- 13.5 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- 13.6 Sé fundur ekki fullskipaður þarf tvö atkvæði hið minnsta til afgreiðslu einstakra mála.
- 13.7 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál utan stjórnarfunda skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns en ekki starfsmanna félagsins.
- 13.8 Stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra er heimilt, við sérstakar aðstæður, að upplýsa stjórnarmenn milli funda um tiltekið mál með skriflegum hætti, og fara fram á atkvæðagreiðslu með samsvarandi hætti. Sé ákvörðun tekin við slíkar aðstæður skal bókað um hana í fundargerð næsta stjórnarfundar til staðfestingar.
- 13.9 Hafi komið fram lögmæt krafa um hluthafafund til að ákveða málefni sem stjórnin hefur haft til umfjöllunar skal stjórnin bíða niðurstöðu hluthafafundar áður en slík málefni eru leidd til lykta.

#### **14. Fundargerðir stjórnarfunda**

- 14.1 Stjórnarformaður skal sjá til þess að haldin sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Heimilt er að fela starfsmanni félagsins eða móðurfélags að rita fundargerð.
- 14.2 Eftirfarandi þættir skulu koma fram í fundargerðum stjórnarfunda:
  - a. Nafn og kennitala félagsins.
  - b. Fundarstaður, fundardagsetning og fundartími.
  - c. Númer stjórnarfundar.
  - d. Hverjir sitja fundinn, hver stýrir honum (ef formaður gerir það ekki) og hver hafi ritað fundargerð;
  - e. Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og hvenær þeir fara út af fundum, t.d. endurskoðandi félagsins.
  - f. Dagskrá fundarins.
  - g. Fundargögn sem voru gerð stjórnarmönnum aðgengileg fyrir fund eða afhent þeim eða sýnd á fundinum. Afrit af þeim skulu skjöluð á stjórnargátt.
  - h. Niðurstaða hvers liðar í fundardagskrá, m.a. hvaða ákvarðanir voru teknar, hverju var frestað, fyrirspurnir á fundinum, bókanir o.fl.
  - i. Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar vikur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar. Þegar fundarmaður vikur sæti skal skýra frá því í fundargerð ef aðgangi að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunar hefur verið takmarkað og þá með hvaða hætti.
- 14.3 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá athugasemdir skráðar í fundargerð.
- 14.4 Ritari stjórnar skal senda stjórnarmönnum drög að fundargerð eins fljótt og unnt er í kjölfar stjórnarfundar. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar. Í kjölfar samþykktar skal fundargerð send til

rafrænnar undirritunar. Fundarritari skal sjá til þess að fundargerð verði skjöluð á stjórnargátt. Stjórn tekur ákvörðun um aðgengi að stjórnarfundargerðum og hvort útbúa þurfi fleiri eintök en eitt þar sem tilteknum dagskrárliðum fundargerðar er haldið frá fundarmönnum sem hafa vikið sæti. Í þeim tilvikum skal rafrænni undirritun og skjölun hagað til samræmis.

- 14.5 Fundargerð skal undirrituð af þeim sem sitja stjórnarfund. Þeir fundargestir sem eingöngu taka þátt í einstökum dagskrárliðum fundar skulu ekki undirrita fundargerð. Fundargerðir sem hafa verið undirritaðar teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

## **15. Innri endurskoðun**

- 15.1 Innri endurskoðun er hluti af skipulagi félagsins og þáttur í eftirlitskerfi þess en fjármálaeftirlitið hefur veitt félaginu undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar. Stjórn skal skipa innri endurskoðanda eða innri endurskoðunarfyrtæki sem starfar óháð deildum félagsins.
- 15.2 Stjórn skal samþykka áætlun innri endurskoðunar áður en árleg vinna innri endurskoðunar hefst.
- 15.3 Innri endurskoðun skal gera stjórn grein fyrir starfsemi sinni með árlegri skýrslugjöf. Stjórn er skylt að taka fyrir á stjórnarfundum þær athugasemdir sem innri endurskoðun metur mikilvægar og færa þær til bókar.
- 15.4 Innri endurskoðun hefur rétt til að sitja fundi stjórnar þegar athugasemdir hennar eru á dagskrá.

## **16. Undirnefndir stjórnar**

- 16.1 Hjá félaginu starfa engar undirnefndir stjórnar.
- 16.2 Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutafjár í félaginu.
- 16.3 Félagið telur að því sé ekki skylt að starfrækja starfskjaranefnd samkvæmt viðmiðunarreglum ESMA/2013/232, sbr. ESMA/2016/579. Stjórn ber því ábyrgð á að meta með reglubundnum hætti hvort starfskjarastefna félagsins sé í samræmi við lög og skal stjórn hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjarastefnu. Stjórn hefur umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.
- 16.4 Lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða gera ekki kröfu um að félagið starfræki endurskoðunarnefnd.

## **17. Árangursmat**

- 17.1 Stjórn skal eigi sjaldnar en árlega meta frammistöðu framkvæmdastjóra og það hvernig stefnumótun félagsins er hrint í framkvæmd.
- 17.2 Stjórn skal eigi sjaldnar en árlega leggja mat á störf sín, verklag og starfshætti.

17.3 Stjórn getur í þessu skyni notið aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga, eftir því sem stjórn metur nauðsynlegt hverju sinni. Við árangursmat skal stjórn leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar.

17.4 Stjórnarformaður hefur milligöngu um að stjórn meti störf sín sbr. gr. 8.9.

17.5 Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar.

## **18. Undirritun ársreiknings o.fl.**

18.1 Framkvæmdastjóri félagsins gerir drög að ársreikningi og árshlutareikningi, samstæðureikningi og skýrslu stjórnar. Frumdrög reikninga eru lögð fyrir kjörna endurskoðendur félagsins sem gera skriflegar athugasemdir. Endurskoðandi skilar til stjórnar endurskoðunar- eða könnunarskýrslu fyrir stjórnarfundi þar sem samþykkt reikninga er á dagskrá.

18.2 Ársreikningar og árshlutareikningar félagsins og samstæðureikningar skulu lagðir fyrir stjórn til afgreiðslu og skulu þeir undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra.

18.3 Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykkja árshlutareikning, ársreikning eða samstæðureikning, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

18.4 Undirritaðir reikningar og tilskilin gögn skulu send viðeigandi yfirvöldum innan tilskilins frests.

## **19. Frekari reglur um störf stjórnar**

19.1 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um verðbréfasjóði, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

## **20. Breytingar á starfsreglum stjórnar**

20.1 Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

## **21. Varsla og meðferð starfsreglna**

21.1 Undirritað eintak starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal vistað á stjórnargátt félagsins.

21.2 Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að nýjum stjórnarmönnum séu kynntar starfsreglurnar strax í kjölfar aðalfundar. Þá ber hann einnig ábyrgð á því að framkvæmdastjóri, innri endurskoðun og ritari séu ávallt meðvituð um gildandi starfsreglur stjórnar félagsins hverju sinni.

**22. Gildistaka**

22.1 Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 28. nóvember 2023.

Í stjórn ÍV sjóða hf.

---

Hjörvar Maronsson *stjórnarformaður*

---

Katrín Káradóttir

---

Kolbeinn Friðriksson